

Hvassaleitisskóla 7. mars 2011.

Fundur foreldra í Hvassaleitisskóla 7. mars 2011 mótmælir þeirri vanvirðingu sem borgaryfirvöld hafa sýnt börnum, forráðamönnum og starfsmönnum skólans í yfirstandandi sameiningarferli þar sem rætt er um að sameina Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um upplýsingar hafa engar borist umfram þá einu blaðsíðu sem er að finna í Skýrslu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Á þeirri blaðsíðu skortir algerlega fagleg rök, tölulegar upplýsingar og framtíðarsýn í málefnum skólans og nærsamfélags hans. Engu að síður er ætlast til að Skólaráð skili af sér umsögn um fyrirhugaða sameiningu fyrir 16. mars næstkomandi, þ.e. á innan við tíu dögum frá deginum í dag.

Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafa fulltrúar menntasviðs borgarinnar og menntaráðs ekki séð sér fært að mæta á fund með foreldrum barna í skólanum til að upplýsa þá um hvað bíði barna þeirra í framtíðinni. Slík óvissa er með öllu óþolandi og hvorki börnum né fullorðnum bjóðandi.

Greinabundin kennsla í Hvassaleitisskóla síðastliðin sjö ár hefur skilað skólanum frábærum faglegum árangri, sem t.a.m. samræmd könnunarpróf og síðasta Pisakönnun vitnar um. Það er að okkar mati óforsvaranlegt að tefla slíku starfi í tvísýnu með sameiningu við skóla, sem starfar samkvæmt allt annarri hugmyndafræði og með allt öðrum kennsluháttum.

Foreldrar í Hvassaleitisskóla sjá sér ekki fært að bíða þess að formanni menntaráðs henti að upplýsa nærsamfélag skólans um hvaða fyrirætlanir eru um framtíð hans og hvaða rök eru þar að baki. Börnin okkar eiga miklu betra skilið. Í ljósi þess bráðræðis og fums sem einkennir yfirstandandi sameiningavinnu höfnum við framkomnum tillögum um sameiningu skólanna og viljum fullvissa stjórnendur borgarinnar um að ekki verður farið út í sameiningu Hvassaleitisskóla við aðra skóla í nágrenninu að sinni með stuðningi foreldra í skólanum. Til þess að svo megi verða þarf margfalt betra samráð, undirbúning og fyrirvara en nú er.